

# Skólasóknarreglur FAS

Svo nemendur fái sem mest út úr námi sínu og geti stundað árangursríkt nám er viðvera þeirra við skólann mjög mikilvæg. Með það að marki eru settar upp eftirfarandi skólasóknarreglur sem eru ætlaðar til að styðja við nemendur á leið sinni að árangursríku námi við FAS. Í reglunum eru viðbrögð og úrræði útlistuð þannig að ef nemandi vegna veikinda eða annarra ástæðna mætir illa í skólann þá fái hann þann stuðning sem hann þarf.

1. Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Nemendur skulu gera grein fyrir fjarvistum sínum. Tilkynna á fjarvistir vegna veikinda inni á Innu eða með tölvupósti á netfangið [fas@fas.is](mailto:fas@fas.is) fyrir kl. 10:00. Ekki er tekið við tilkynningum eftir þann tíma. **Mikilvægt er að tilkynna á hverjum degi fjarveru sína þegar veikindi eiga sér stað.**
2. Ef langvarandi eða þrálát veikindi eiga sér stað getur skólinn óskað eftir læknisvottorði.
3. Hægt er að sækja um undanþágu frá mætingarskyldu (O) í einstaka áfanga til kennara viðkomandi áfanga. Um getur verið að ræða samning fyrir alla önnina eða í einstaka kennslustundum. Slík beiðni þarf að berast í **tölvupósti** til viðkomandi kennara með minnst dags fyrirvara. Kennari getur hafnað slíkri beiðni eða samþykkt.
4. Kennari getur óskað eftir skýringum á óútskýrðum fjarvistum.
5. Í kennsluáætlun er hægt að kveða nánar á um mætingu.
6. Ef nemandi mætir án námsgagna gefur kennari A sem jafngildir hálfu fjarvistarstigi.
7. Nemandi skal fylgjast með því að mæting hans sé rétt skráð í Innu. Athugasemdum varðandi mætingarskráningu í Innu skal koma á framfæri við viðeigandi/viðkomandi kennara innan tveggja virkra daga frá því að hún átti sér stað. Ef kennari hefur ekki skráð mætingu innan þess tíma þá fær nemandi skráða mætingu.
8. Umsjónarkennari fylgist með ástundun nemenda sinna. Sé ástundun nemanda ábótavant ræðir umsjónarkennari við hann og gefur honum tækifæri á því að gefa ástæðu fyrir slakri ástundun. Ef ástundun batnar ekki vísar umsjónarkennari nemandanum til námsráðgjafa sem vinnur þá með nemanda að lausn sinna mála og hefur samband við forráðamenn sé nemandinn undir 18 ára aldri.

## Skýringar á mætingarskráningu í Innu

M = Mæting

A = Án námsgagna (0,5 fjarvistarstig)

F = Fjarvist án tilkynningar (1 fjarvistarstig)

S = Seinkoma (0,5 fjarvistarstig)

L = Leyfi vegna skólaferðar (0 fjarvistarstig)

O = Undanþága frá mætingarskyldu sem kennari veitir

N = Tími fellur niður

Z = Kennari fjarverandi en vinnutími nemenda

U = Fjarnemendur

F (V) = Fjarvist sem er viðurkennd, m.a. veikindi (1 fjarvistarstig)